



Leiðarvísir foreldra

Markmið Víkinga er að barninu líði vel og nái framförum sem einstaklingur innan vallar sem utan.

Með þátttöku í íþróttum læra börn og unglingar tillitssemi, sjálfsaga og virðingu og njóta samveru við jafnaldra undir leiðsögn fullorðinna. Munum að íþróttir eru forvörn og það eru forréttindi barnsins að stunda þær.

Ástundun

Áhugi foreldra gerir íþróttir barna og unglinga skemmtilegri og árangursríkari. Foreldrar eiga að vera hvetjandi varðandi ástundun þeirra, veita þeim skýran ramma hvað varðar æfingasókn, fylgja þeim á kappleiki og líta við á æfingum. Slík hvatning er börnunum mikils virði og eykur líkurnar á að þau haldi áfram að stunda íþróttir.

Hvatning

Mætum á æfingar og leiki með góða skapið, íþróttir eiga að vera skemmtilegar.

Hrósum öðrum iðkendum meðan á æfingum eða leik stendur, ekki eingöngu eigin barni. Mikilvægt er að gagnrýna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Forðumst að kalla nöfn barnanna meðan á leik á stendur. Hrósum og hvetjum liðið í heild sinni.

Áríðandi er að hvetja börnin bæði í sigri og þegar á móti blæs. Að mæta mótlæti og sigrast á því er eitt mikilsverðasta atriðið sem börn læra af iðkun íþróttar.

Iðkendum

Það skiptir miklu máli bæði fyrir iðkendum og Víking að ánægja sé meðal iðkenda. Enginn iðkandi er verðmætari en annar og það er afar mikilvægt að þeir finni það. Það á ávallt að vera markmið að iðkendum haldi áfram frá ári til árs. Við hvetjum foreldra til að vera vakandi yfir sínum börnum, ef vart verður óánægju er rétt að snúa sér til foreldraráðs eða þjálfara.

Ef ekki tekst að leysa mál með þjálfara eða foreldraráði er unnt að snúa til Barna- og unglingaráðs eða íþróttastjóra.



Þjálfari

Berum virðingu fyrir störfum þjálfarans og treystum honum til að vinna sitt starf að kostgæfni.

Gætum þess að láta þjálfarann vita ef barnið kemst ekki á æfingu eða í keppni.

Ekki hafa samband við þjálfara til að hafa áhrif á liðsval. Þjálfari raðar í lið með það í huga að allir iðkendur fái verkefni við hæfi. Það að vera í A liði þarf ekki að þýða að viðkomandi sé bestur.

Ekki reyna að hafa áhrif á störf þjálfarans á meðan á leik stendur.

Framkoma

Íþróttamannleg framkoma er leiðarljós í starfi Víkings. Verum börnunum fyrirmynd í því að taka ósigri af æðruleysi og sigri hrokalaust. Sýnum mótherjum og dómurum kurteisi.

Dómarar

Leyfum dómara leiksins að vinna sitt verk án afskipta. Dómari reynir eftir bestu getu að dæma rétt. Skylda hans er fyrst og fremst að sjá til þess að leikmenn fari eftir knattspyrnureglum og að vernda leikmenn. Ekki gagnrýna ákvarðanir hans, dómari breytir ekki ákvörðun sinni.

Foreldrar

Í hverjum flokki starfar foreldraráð. Marga þarf til að vinna verkin og því mikilvægt að allir foreldrar taki virkan þátt í því foreldrastarfi hvers flokks. Öflugt foreldrastarf virkar hvetjandi á iðkendur og þjálfara.

Sýnið starfi félagsins virðingu og takið þátt virkan þátt í umræðunni því það er pláss fyrir allar skoðanir.

Höfum í huga að það er barnið sem keppir og æfir – ekki við. Gefum barninu sjálfstæði til að reyna sig og sanna. Of mikill þrýstingur frá foreldrum á hendur barni getur í einstaka tilfellum orðið sumum um megn. Það er þekkt að foreldrum hættir til að gleyma því, sérstaklega þegar iðkandinn eldist og þroskast.

Hvetjum börnin og sýnum þeim stuðning í hvívetna.